

**Nr. 22-094 S 060 Málmei SK 1*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1833  
IMO 8602878  
Utgerð: Fisk-Seafood ehf.  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál  
Stærð: 1469 BT  
Mesta lengd: 56,5 m Skráð lengd: 54,4 m  
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m  
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 15



Málmei©Sigurður Baldvinnsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 29. september 2022 var Málmei SK 1 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 8 m/s, talsverður sjór.

Skipverjar voru að vinna í trolli á togþilfari með aðstoð þilfarskrana. Einn skipverjinn varð með fingur á milli lunningar og lóðs á kranavír þegar híft var í krókinn. Siglt var með slasaða til hafnar á Ísafirði.

***Við rannsókn kom eftirfarandi fram:***

- Skipverjinn var að styðja sig við lunninguna á veltunni þegar híft var í kranavírinn og slóst lóðið í lunninguna og fingurinn varð á milli.
- Slasaði missti framan af þumalfingrinum.
- Kranamaðurinn stjórnaði þilfarskrananum úr honum sjálfum þar sem hann var ekki með fjarstýringu fyrir kranann.
- Kranamaðurinn var með gott útsýni yfir þilfarið þar sem sá slasaði stóð.
- Skipverjinn var í sinni fyrstu veiðiferð.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.